

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2025, mánudaginn 26. maí kl. 13:00 var haldinn 365. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir og Helena Guðrún Guðmundsdóttir að hluta. Helena tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála, þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 26.05.2025, lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF364 lögð fram. Fundargerð samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar.
3. Snorri Hafsteinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri fjármála lagði fram og kynnti ársfjórðungsuppgjör. Einnig voru Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds og Gréta Guðnadóttir, sérfræðingur í reikningshaldi viðstaddar þennan lið. Samandreginn árshlutareikningur samstæðu 01.01.2025-31.03.2025 lagður fram.

Reikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.

4. Klukkan 13:50 mættu Ingunn Ólafsdóttir, Guðjón Hlynur Guðmundsson og Stefán Viðar Grétarsson frá Innri endurskoðun og ráðgjöf til fundarins. Þau lögðu fram og gerðu grein fyrir niðurstöðum eftirfylgniúttektar áhættustýringar og lokadrögum að innri endurskoðunaráætlun 2025-2027 fyrir samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Innri endurskoðunaráætlun 2025-2027 borin upp og samþykkt samhljóða.
5. Klukkan 14:20 mætti til fundarins Jakob Sigurður Friðriksson, viðskiptaþróunarstjóri ásamt Stefan Willerslev, David Rundberg og Jacob Nymark frá ráðgjafarfyrtækinu Implement. Þeir kynntu verkefnið Mylluna og svöruðu spurningum stjórnarfólks. Stefan, David og Jacob yfirgáfu fundinn kl. 15:20.

Hlé

6. Jakob Sigurður Friðriksson gerði grein fyrir fyrirhugaðri aukningu á gjaldtöku opinberra aðila fyrir aðgang að auðlindum og hækkun á skattgreiðslum af orkuöflun og dreifingu rafmagns. Umræður. Stjórn samþykkti að greina áhrif áformanna á Orkuveituna og viðskiptavini, vænt skattspor, áhrif á gjaldskrá Landsnets og kostnað viðskiptavina, kröfu

um auðlindagjöld og skoða ítarlega samanburð á kröfu ríkisins og nýlegra samninga milli ríkis og Landsvirkjunar m.a. m.t.t. áhrifa á samkeppni á raforkumarkaði.

7. Klukkan 16:10 mætti Eiríkur Hjálmarsson, sjálfbærnistjóri, til fundarins. Eiríkur lagði fram og kynnti rýni sjálfbærnistefnu. Breytt stefna lögð fram og samþykkt samhljóða.

Rýni gæðastefnu og minnisblað þar um, dags. 6. maí 2025, lagt fram. Stefnan lögð fram og samþykkt samhljóða.

8. Rekstraráhættur. Lögð voru fram eftirfarandi gögn: Áhættumælaborð fyrsta ársfjórðungs, mælikvarðar áhættumælaborðs, rekstraráhættuskýrsla og skýringar á breytingum á rekstraráhættuskýrslu.

9. Staða sjálfbærni- og forðamála. Minnisblað um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi dags 22.05.2025 lagt fram.

10. Dótturfélög. Stjórnarfundargerðir (drög) og skýrslur framkvæmdastjóra um starfsemina á milli stjórnarfunda. Gögn frá ON bárust ekki því þeirra stjórnarfundur verður 28.05.2025. Til upplýsingar.

Minnisblað framkvæmdastýru Veitna dags. 21.05.2025.

Fundargerð stjórnarfundar Veitna 166 dags. 29.04.2025 (ósamþykkt)

Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans nr 240 dags. 28.04.2025. (ósamþykkt)

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans dags. 26.05.2025.

11. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli funda, dags 26.05.2025, auk fylgiskjala.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:30.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 30. júní 2025.

Gylfi Magnússon,

Vala Valtýsdóttir, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Skúli Þór Helgason

Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir,

Helena Guðrún Guðmundsdóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2025, mánudaginn 28. apríl kl. 13:00 var haldinn 364. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfolk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir og Helena Guðrún Guðmundsdóttir.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála, þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 25.04.2025, lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF363 lögð fram. Fundargerð samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar.
3. Snorri Hafsteinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri fjármála lagði fram og gerði grein fyrir drögum að ársfjórðungsuppgjöri fyrsta ársfjórðungs 2025.
4. Mat á störfum stjórnar, sem framkvæmt var rafrænt og nafnlaust á milli funda, lagt fram. Umræður.
5. Rekstraráhættur. Rekstraráhættuskýrsla lögð fram, ásamt breytingum frá síðustu skýrslu.
6. Sólrún Kristjánsdóttir framkvæmdastýra Veitna mætti á fundinn kl. 13:40 ásamt Hrefnu Hallgrímsdóttur, forstöðukonu vatnsmiðla hjá Veitum og kynntu vatnsvernd í Heiðmörk og samspil hennar við útivist og umferð á svæðinu. Umræður.

Hlé

7. Eftirfarandi gögn vegna breytinga á afmörkun á Þverárdal, sem óskað var eftir á fundi 360, lögð fram:
 - Minnisblað Heru Grímsdóttirog Hörpu Pétursdóttur dags 23.04.2025.
 - Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum 19.05.2008.
 - Matsskýrsla – Bitruvirkjun mars 2008.
 - Viðauki við skýrslu Orkustofnunar janúar 2015.
8. Minnisblað um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi dags 23.04.2025 lagt fram.
9. Klukkan 15:20 mætti Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir til fundarins og lagði fram og gerði grein fyrir sameinaðri mannauðs-, öryggis- og heilsustefnu. Breytt stefna borin upp og samþykkt samhljóða.

Sjálfbærnistefna lögð fram til rýni með breytingum. Frestað.
10. Tilnefning fulltrúa stjórnar í rýni mikilvægisgreiningar, sem frestað var á SF 363. Þórður Gunnarsson er tilnefndur sem fulltrúi stjórnar.

11. Dótturfélög. Stjórnarfundargerðir (drög) og skýrslur framkvæmdastjóra um starfsemina á milli stjórnarfunda. Til upplýsingar.

Fundargerð stjórnarfundar ON nr.74 dags. 26.03.2025
Minnisblað framkvæmdastjóra ON dags. 23.04.2025
Minnisblað framkvæmdastýru Veitna dags. 29.04.2025.
Fundargerð stjórnarfundar Veitna 165 dags. 27.03.2025 (ósamþykkt)
Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans nr 239 dags. 28.03.2025.
Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans dags. 25.04.2025.

Aðalfundargerðir frá 11.04.2025 lagðar fram til upplýsingar.

12. Skýrsla regluvarðar Orkuveitunnar fyrir starfsárin 2023-2024 lögð fram.
13. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli funda, dags 28.04.2025.
14. Önnur mál.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:50.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 26. maí 2025.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Skúli Þór Helgason
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

Minnisblað

Viðtakandi: Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri

Sendandi: Hera Grímsdóttir, framkvæmdastýra Rannsókna og nýsköpunar

Dagsetning: 22.maí 2025

Efni: Minnisblað um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi

Auðlindastýring

Rannsóknir og nýsköpun í samstarfi við Veitur hafa skoðað hvernig auka megi rekstraröryggi veitunnar með því að virkja strax hluta þeirra holna sem boraðar verða á lághitasvæðum á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum. Ef árangur af borunum verður í samræmi við væntingar er raunhæft að fara með aflgetu veitunnar í um 10 til 15% yfir væntri hámarks eftirspurn á næstu 20 árum. Kostnaðarauki vegna þessarar flýtingar á virkjun er metinn á tæpa tvo milljarða króna. Frekari greining á kostnaði og þörf fyrir hærri öryggismörk verði unnin fyrir næsta stjórnarfund Veitna í júní.

Uppkeyrsla Steingerðar og HN-14

Prófanir hafa staðið yfir á Steingerði og í tengslum við þær var vatni dælt ofan í HN-14 fyrr í maí. Holan tók við um 80 l/s, sem eru góðar fréttir fyrir gasniðurdælingu á Hellisheiði.

Nýir Orkukostir

Vindorka

Á rannsóknarsvæðinu við Dyraveg hófust fuglarannsóknir í apríl sl. með uppsetningu radarbúnaðar sem staðsettur er við Nesjavallarveg á Mosfellsheiði. Rannsóknir hafa gengið vel og eru þegar byrjaðar að skila niðurstöðum um ferðir fugla á svæðinu. Öllum leyfum vegna framkvæmda við uppsetningu vindmælimasturs hefur verið aflað hjá sveitarfélagi og heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Kynning á matsáætlun fyrir sama kost, sem er fyrsta skref umhverfismats, lauk í byrjun maí og barst mikill fjöldi umsagna frá yfir 100 aðilum. Nú hefst því vinna við að svara umsagnaraðilum og uppfæra matsáætlun í kjölfarið ef þess gerist þörf. Að endingu verða gögnin rýnd af Skipulagsstofnun sem gefur út álit sitt á matsáætluninni með frekari skilyrðum fyrir gerð umhverfismats. Gera má ráð fyrir að álit liggi fyrir eftir 2-3 mánuði.

Jarðhiti

Opið kynningarferli umhverfismats vegna rannsókna í Meitlum og Hverahlíð sem og vegna vinnsluholna fyrir Orku náttúrunnar, hófst um miðjan maí og stendur yfir í sjö vikur. Að kynningarferli loknu hefst vinna við að svara athugasemdum sem berast og uppfæra tillögur

ef þess þarf. Deiliskipulagstillaga framkvæmda hefur þegar verið í kynningu og verður kynningartími framlengdur til að haldast í hendur við umhverfismat.

- Í undirbúning er opið hús fyrir almenning í ráðhúsi Þorlákshafnar 5. júní nk. Undirbúningur er unnin í samstarfi NOK, Samsam og Ölfus.
- Áætlað er að deiliskipulagsferli ljúki í júlí 2025 og að umhverfisatsferli ljúki með útgáfu álits Skipulagsstofnunar í september 2025, með fyrirvörum um umfang athugasemda sem gæti lengt í ferlinu.

Þverárdalur

Áframhaldandi skoðun á breyttri afmörkun á Þverárdals í nýtingarflokki að teknu tilliti til holna Orkuveitunnar sunnan við Þverárdal og mögulegrar breytingar á afmörkun verndarsvæðis í Birtu stendur enn yfir. Töluverð samskipti hafa átt sér stað við verkefnastjórn rammaáæltunar til að skýra forsendur og kanna mögulegar breytingar verndar án þess þó að svör hafi fengist um tildrög eða sögulega skýringu á afmörkun verndarsvæðisins. Nýir orkukostir hafa upplýst Umhverfis, orku- og loftlagsráðuneytið um þau óformlegu samskipti sem hafa átt sér stað og að verkefnastjórn hafi vísað málinu til ráðuneytisins til frekari úrvinnslu. Áframhaldandi samtal mun eiga sér stað og væntingar eru um niðurstöður í júní.

[Stefna yfirfarin og samþykkt óbreytt á stjórnarfund 24.04.2023]



Stefna Orkuveitu Reykjavíkur (OR) er að mæta þörfum viðskiptavina með því að miðla vörum og góðri þjónustu með hagkvæmum og öruggum hætti.

Stöðugar umbætur, flæði ferla og lífsferilshugsun liggja til grundvallar í allri starfseminni.

Lífsferilshugsun felur í sér heildarferilinn allt frá upplifun viðskiptavinar, upplýsingagjöf og að vinna með hliðsjón af öryggi, hagkvæmni, vistspori og förgun á líftíma.

Orkuveitan leggur sérstaka áherslu á:

- virðisaukandi þjónustu
- faglega verkefnastjórnun
- hagkvæma viðhalds- og eignastjórnun
- skjala- og upplýsingastjórnun
- notkun á tækni til að auka virði og hagkvæmni

Gæðastefnan byggir á gildum og heildarstefnu Orkuveitunnar og sett fram til samræmis við eigendastefnu.

Mæling:

- Ánægja viðskiptavina (stefnumælikvarði)
- Aðrir mælikvarðar heildarstefnu Orkuveitunnar
- Framkvæmd innri og ytri úttekta til staðfestingar á virkni gæðastjórnunarkerfis

Tilvísanir:

[SKI-100](#); Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.
[SKI-205](#); Gæðastjórnunarkerfi (ISO 9001).

RE'S QUALITY POLICY



RE's quality policy aims at meeting customers' demands by providing products and services in effective and safe manner.

The basis of RE's operations is continuous improvements, process flows and Life Cycle Thinking (LCT). LCT ensures considerations of customer experience, information, safety, lifetime efficiency, ecological footprint and disposal.

RE emphasis on:

- value-added services
- professional project management
- efficient maintenance and asset management
- document and information management
- use of technology to increase value and efficiency

The quality policy is built around prioritizing RE's values and corporate strategy and is presented in accordance with its ownership strategy.

Measured by:

- Customer satisfaction (strategic focus)
- Other measures of RE overall strategy
- Conducting internal and external audits to confirm the effectiveness of the quality management system

Reference:

[SKI-100](#): Guarantees in a certified management system.

[SKI-205](#): Quality management system (ISO 9001).



Minnisblað

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitunnar
Sendandi: Forstjóri Orkuveitunnar
Dagsetning: 6.maí 2025

EFNI: RÝNI GÆÐASTEFNU ORKUVEITUNNAR

Samkvæmt markmiðsferli Orkuveitunnar (STJ-011) skal árlega rýna allar stefnur félagsins. Gæðastefna Orkuveitunnar var síðast uppfærð og samþykkt 24.4.2023.

Gæðastefnan hefur efnislega verið að mestu óbreytt síðustu ár. Fram undan er endurskoðun á rekstrarhandbók þar sem farið verður yfir innihald og áherslur stjórnunarkerfisins í heild ásamt því að útfæra nánari mælingu á virkni gæðastefnunnar. Að svo stöddu er því ekki tímabært að uppfæra innihald stefnunnar að öðru leiti en því sem snýr að mælingu stefnunnar:

Lagt er til að þar sem áður var vísað í mælaborð „Góður samfélagsþegn“, verði uppfært í:

- Ánægja viðskiptavina (stefnumælikvarði)
- Aðrir mælikvarðar heildarstefnu Orkuveitunnar
- Framkvæmd innri og ytri úttekta til staðfestingar á virkni gæðastjórnunarkerfis

Óskað eftir samþykki stjórnar á þessari uppfærslu á Gæðastefnu Orkuveitunnar.

Rýni sjálfbærnistefnu Orkuveitunnar

SF 364

Sjálfbærnistefnan

- Sjálfbærnistefna varð til árið 2023 við samruna Umhverfis- og auðlindastefnu (2012) og Stefnu um samfélagsábyrgð (2015)
- Var ekki rýnd 2024 vegna breytinga sem stóðu yfir
- Samanstendur af 6 áherslum og 22 þýðingarmiklum sjálfbærniþáttum undir þeim
- Breytingin nú tekur mið af
 - Nýrri Heildarstefnu Orkuveitunnar
 - Markmiðssetningu dótturfélaga og eininga innan móðurfélags
 - Uppbyggingu skýrslu stjórnar í Ársreikningi 2024
- Orðalagi er breytt og áherslur skerptar
- Hver sjálfbærniþáttur nær til mismargra félaga í samstæðunni og skilgreining er unnin í samráði við þau

Áherslur og þýðingarmiklir sjálfbærniþættir

Loftslag og loftslagsáætta

- Losun og losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda eftir umfangi 1, 2 og 3 og binding gróðurhúsalofttegunda.
- Viðnámsþol gagnvart loftslagsbreytingum
- Framlag til orkuskipta

Ábyrg auðlindanýting

- Líffræðilegur fjölbreytileiki og vistkerfi á eignarlandi og athafnasvæðum
- Nýting á háhitasvæðum
- Nýting á lághitasvæðum
- Vernd neysluvatns

Viðskiptavinir

- Afhendingaröryggi veitukerfa
- Verð á sérleyfisþjónustu
- Ánægja viðskiptavina
- Sjálfbær varma- og raforkuöflun

Losun og hringrás

- Aðgangur að fjölbreyttri notkun efnis- og orkustrauma
- Losun frárennslis frá hreinsistöðvum og um yfirföll
- Úrgangur, þ.á.m. fráveituúrgangur

Góður samfélagsþegn

- Miðlun þekkingar
- Veittir og mótteknir styrkir til vísinda og þróunar
- Sjálfbær innkaup
- Afstaða almennings til vörumerkja samstæðunnar

Ábyrgir starfshættir

- Kynbundinn launamunur
- Helgun starfsfólks
- Vinnuslysatiðni
- Gegnsæ skýrslugjöf samkvæmt viðurkenndum viðmiðum

Fjöldi þátta eftir félögum í samstæðu

